

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



3. apríl 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 100. mál á 153. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um eignarrétt og erfð lífeyris

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt markmiðum tillögu þessarar. Samtökin hafa lengi verið fylgjandi hugmyndum um endurskoðun lífeyriskerfisins með því markmiði að veita sjóðfélögum aukin áhrif á stjórn þeirra ásamt meira valfrelsi um ólíka kosti og sparnaðarform.

Samkvæmt ofangreindu eru samtökin fylgjandi a-lið tillögunnar, þess efnis að fólk geti valið á milli þess að greiða skyldubundinn lífeyrissparnað í sjóð sem veitir hlutfallslega réttindaávinnslu, eða að greiða inn á sérgreindan reikning þar sem hægt sé að velja hvernig lífeyrir verði ávaxtaður

Sú hugmynd sem kemur fram í b-lið tillögunnar, að við andlát gangi lífeyrisréttindi að erfðum til maka og barna að fullu, hefur hingað til ekki komið til umfjöllunar á vettvangi samtakanna. Samtökin geta því ekki tekið ákveðna afstöðu til hennar að svo stöddu, en myndu þó fagna allri gagnrýnni umræðu um slíkar hugmyndir í því skyni að leiða í ljós hugsanlega kosti og ókosti þeirra.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is